

Fundur haldinn í stjórn hjúkrunar-og dvalarheimilisins Naust miðvikudaginn 31. október 2012 kl. 12:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mætt voru: Ásta Laufey Þórarinsdóttir, Ragnhildur Karlsdóttir, Kristín Thorberg hjúkrunarforstjóri á Nausti, Gunnólfur Lárusson framkvæmdarstjóri og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundagerð á tölvu .
Gunnólfur bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn

Dagskrá:

1. Fjárhagsgreining

Gunnólfur fór í stórum dráttum yfir fjárhagsgreininguna fyrir janúar til september. Staðan á rekstrinum er allt annar og betri en á sama tíma og í fyrra. Í fjárhagsgreiningunni á eftir að taka tillit til þess launakostnaðar sem tilheyrir skólamötuneytinu. Sá launakostnaður kemur allur inn á Naust eftir að mötuneytin voru sameinuð en verður millifærður á milli deilda í lok árs.

Umræða um sameiningu mötuneytanna og hvernig þessi breyting kemur út. Ánægjulegt að lyfjakostnaður hefur verið að lækka á milli ára.

Gunnólfur kynnti að landlæknir kom í heimsókn um daginn á Naust.

2. Samningar við HÞ

Gunnólfur fór yfir samningana við Heilbrigðisstofnun Þingeyjunga (HÞ) vegna lækniþjónustu og sameiginlegrar hjúkrunarvaktar utan dagvinnutíma fyrir Naust. Ákveðið að taka saman greiðslur til HÞ frá því árið 2009. Samningurinn vegna lækniþjónustu og sameiginlegrar hjúkrunarvaktar utan dagvinnutíma frá 2011 var ekki undirritaður á sínum tíma þar sem unnið var að því að ná niður læknaðnaðinum. Nýr samningur var gerður við HÞ 19. október 2012 og tók gildi frá og með 1. júní 2012 til lækkunar á lækniskostnaði.

Fram að þeim tíma var samningurinn 1. október 2011 sá sem unnið var eftir.

Varðandi vaktir hjúkrunarfræðinga þá þarf að fara yfir þær og passa að ekki halli á annan aðilann í þeim efnunum.

Gunnólfur ætlar að vera í sambandi við Jón Helga Björnsson forstjóra Heilbrigðisstofnunar Þingeyjunga með þessi samningamál.

Kristín kynnti að þegar nýji samningurinn var undirritaður í október sl var talað um að að hittast og gera samning fyrir árið 2013 í lok árs.

Bókað að Laufey gerðir athugasemd við að ekki hafi verið gengið endanlega frá samningi vegna lækniþjónustu og sameiginlegrar hjúkrunarvaktar utan dagvinnutíma við Heilbrigðisstofnun Þingeyjunga dagsettan 1. október 2011.

Framkvæmdarstjóri skýrði það að hann hafi verið að leita allra leiða til að ná fram betri samningi og því var hann ekki undirritaður strax.

Vaktafyrirkomulag hjá Kristínu rætt og hvernig það er að virka í heildina. Kristín hefur komið reglulega við á skrifstofunni og farið yfir hlutina. Þarf að koma aftur á vikulegum fundum með sveitarstjóra eða staðgengli hans.

3. Ársreikningur Naust 2011

Gunnólfur afhenti ársreikning Naust. Gunnólfur kynnti það að búið er að samþykkt ársreikninginn í sveitarstjórnnum. Stjórnarmenn undirrituðu samninginn.

4. Önnur mál

Kristín benti á það að búið er að búa til viðburðardagatal fyrir eldri borgara og setja á netið.

Kristín kynnti að heimilisfræðin í Grunnskóla Þórshafnar er kennd á Naust og það er líf og fjör í kringum það.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:15